

## Fjárheimildir

Fjárheimildir stofnana eru tvenns konar.

Annars vegar er **fjárheimild ársins** sem nær til samþykktra fjárheimilda fyrir viðkomandi reikningsár þ.e. samkvæmt **fjárlögum ársins, fjáraukalögum ársins og millifærslum** af öðrum fjárlagaliðum svo sem safnliðum og vegna launa- og verðbóta.

Hins vegar er **heildarfjárheimild ársins** sem sýnir þær fjárheimildir sem viðkomandi aðili hefur til ráðstöfunar á viðkomandi reikningsári. Heildarfjárheimild ársins er samtala **fjárheimilda ársins og ónýttar fjárheimildar eða skuldar frá árinu á undan**.

**Fjárheimild ársins** = Fjárlög + fjáraukalög + millifærslur

**Heildarfjárheimild** = Fjárheimild ársins + flutt frá fyrra ári +/- lokafjárlög

Fjárheimildir og viðskiptareikningur við ríkissjóð 31.12.2013

Fjárheimildir		Fjárlög 2013	Fjáraukalög 2013	Millifærslur 2013	Fjárheimild 2013	Flutt frá árinu 2012	Samþykkt lokafjárlög	Fjárheimild alls 2013
Viðfangsefni	Helti viðfangsefna							
	<b>Tekjur</b>							
	<b>Gjöld</b>							
110	Ýmis sameiginlegur kostnaður	42.100.000	0	-5.400.000	36.700.000	1.017.337	0	37.717.337
130	Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um a	102.200.000	0	0	102.200.000	-12.242.040	12.242.040	102.200.000
	<b>Samtals tekjur og gjöld</b>	<b>144.300.000</b>	<b>0</b>	<b>-5.400.000</b>	<b>138.900.000</b>	<b>-11.224.703</b>	<b>12.242.040</b>	<b>139.917.337</b>
	<b>Markaðar tekjur</b>							
	<b>Samtals markaðar tekjur</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
	<b>Aðrar rekstrartekjur</b>							
	<b>Samtals aðrar rekstrartekjur</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
	<b>Alls</b>	<b>144.300.000</b>	<b>0</b>	<b>-5.400.000</b>	<b>138.900.000</b>	<b>-11.224.703</b>	<b>12.242.040</b>	<b>139.917.337</b>

Staða fjárheimilda frá fyrra ári ( flutt frá árinu 2012) sýnir hvort viðkomandi fjárlagaliður á inneign eða er með neikvæða stöðu á höfuðstól í árslok frá árinu á undan.

Með lokafjárlögum er ríkisreikningur samþykktur. Jafnframt er tekin ákvörðun um flutning fjárheimilda yfir á næsta ár þ.e.a.s. hvort öll höfuðstólsstaðan flytjist eða hvort um niðurfellingar á stöðu verði að ræða.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið sér um að koma fjárheimildunum inn í **fjárheimildakerfið** og dreifir þeim á mánuði í samráði við viðkomandi fagráðuneyti og í takt við rekstraráætlarnir, þar sem þær eru fyrir hendi.

Til að sækja yfirlit yfir hreyfingar fjárheimilda þarf að fara í aðalvalmynd Orra og velja **GL skýrslur** og velja skýrslu **6/600 Fjárheimildir hreyfingar**

### Heimasíða Oracle viðskiptalausna



▼	600 Fjárheimildir hreyfingar	Hreyfingar fjárheimilda S
	601 Millisumma tegund og viðfang	
	602 Millisumma viðfang og tegund	

#### Hvernig fjárheimildir eru bókaðar í fjárhagskerfinu:

Fjárheimildir ársins eru færðar til tekna á rekstrarreikning viðkomandi stofnunar þ.e. kredit á tegund 6700 - Framlag ríkissjóðs.

Mótbókunin hjá stofnun er debet á tegund 13109 - Framlag ríkissjóðs á árinu.

Annað má ekki bóka á þessar tegundir.

Staðan á 6700 á að vera = staðan á 13109 með sitt hvoru formerki.

Uppgjörssvið Fjársýslunnar sér um að flytja úr fjárheimildakerfinu yfir í fjárhagsbókhaldið á þessar tegundir mánaðarlega. Aðrir eiga ekki að bóka á þessar tegundir.